



LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

7.tbl – júlí 2016

Deild íslenska fjárhundsins hélt deildarsýningu þann 11. júní í félagsheimilinu Miðgarði í Hvalfjarðarsveit. Henrik Sæborg frá Danmörku var fenginn til að dæma hundana á sýningunni og voru 55 hundar skráðir. Hann valdi ISCh Snætinda Sóma besta hund sýningar. Sýningin stóð fram eftir degi og um kvöldið var svo sameiginlegur kvöldverður og happdrætti þar sem fólk skemmti sér vel saman.



Fuglahundadeild HRFÍ stóð fyrir tvöföldu sækiprófi dagana 17. og 19. júní síðastliðinn, ágætis þátttaka var en 8 hundar þreyttu próf hvorn dag. Dómari í prófinu var norðmaðurinn Arild Walther Hansen og prófstjóri Haukur Reynisson. Weimaraner tíkin Silva sgt. Schultz Reider gerði sér lítið fyrir og varð besti hundur prófs báða dagana. Árangur annarra hunda má finna á heimasíðu FHD.



Góð þátttaka var í Sólstöðugöngu Chihuahuadeildar sunnudaginn 26. júní, gengið var frá Hallgrímskirkju niður í miðbæ og vöktu hundarnir talsverða athygli túristans.



Helgina 25.-26. Júní var árlegur Deildarviðburður Retrieverdeildar haldinn með sýningu á laugardegi og veiðiprófi á sunnudegi. Rúmlega 70 Retrieverhundar voru skráðir á sýninguna sem haldin var á Brautarholti á Skeiðum. Dómari var Vidar Grundetjern frá Noregi. Besti hundur sýningar var Labrador tíkin ISShCh Stekkjardals Marie Curie. Frekari úrslit frá sýningunni má finna á heimasíðu Retrieverdeildarinnar.

12 hundar tóku þátt í veiðiprófi á Murneyrum á Skeiðum. Dómari var Sigurmon Hreinsson og Sigurður Ben Björnsson var fulltrúi HRFÍ.

Árlega er Deildarbikar Retrieverdeildar, Hólabergsbikarinn veittur þeim hundi sem hefur hæst samanlögð stig af bæði sýningu og veiðiprófi deildarviðburðar. Í ár var það Golden Retriever ISSHCH Dewmist Glitter`N Glance sem var hlutskarpastur.



Stjórn Retrieverdeildar vill koma þökkum til allra þeirra sem komu að framkvæmd deildarviðburðar.

Skráningu lauk 24. júní á bæði, Hvolpasýningu Royal Canin og HRFÍ og tvöföldu sumarsýningu félagsins. Frábær fjöldi hunda er skráður til leiks eins og alltaf á þennan skemmtilega viðburð. Um 550 hundar eru skráðir bæði á Reykjavík Winner sýninguna sem verður á laugardeginum og á Alþjóðlegusýninguna á sunnudeginum. 118 hvolpar eru svo skráðir til dóms á föstudagskvöldinu 22. júlí.



Á döfinni:

Næsta opna hús hjá HRFÍ verður fimmtudaginn 7. júlí klukkan 17:00. Eins og fyrr verða formaður félagsins Herdís Hallmarsdóttir og framkvæmdarstjóri Fríður Esther Pétursdóttir á staðnum. Heitt verður á könnunni og eru allir velkomnir í Síðumúla 15.

Framundan í júlí mun Fuglahundadeild standa fyrir sýningaþjálfun fyrir sumarsýningu HRFÍ, áformað er að þær verði haldnar utandyra og þá mun FHD standa fyrir æfingum fyrir sækiprófið sem haldið verður í byrjun ágúst. Allar nánari upplýsingar munu verða birtar á heimasíðu deildarinnar og á facebook síðu deildarinnar. Að venju eru allir velkomnir í sýningaþjálfun til okkar og allir sem hafa áhuga á sækivinnu og spor með fuglahundana sína eru velkomnir á æfingarnar okkar.

Dagur Íslenska fjárhundsins verður haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn þann 18. júlí næstkomandi. Dagurinn sem var valinn er fæðingardagur Íslandsvinarins Mark Watson, sem fæddist í Bretlandi þann 18. júlí árið 1906, en hann var einn fyrstur manna til að gera sér grein fyrir því að íslenski fjárhundurinn var að deyja út og hóf í kjölfarið aðgerðir til að bjarga kyninu frá því að verða aldauða. Vinnuhópur á vegum Deildar íslenska fjárhundsins hefur um nokkurt skeið undirbúið daginn og verða viðburðir víða um landið tengdir honum. Hægt er að kynna sér daginn nánar á facebook síðunni Dagur Íslenska fjárhundsins 18. júlí, auk þess sem myllumerkið #díf dagur16 verður notað á samfélagsmiðlum til að vekja athygli á deginum.

Hvolpasýning HRFÍ og Royal Canin verður haldin föstudagskvöldið 22. júlí næstkomandi. Um 118 hvolpar eru skráðir til leiks svo sýningin verður glæsileg og stútfull af fallegum hvolpum. 4 dómara frá jafn mörgum löndum mæta og dæma hvolpana. Þau velja bestu hvolpa tegundar sem síðan keppast um titilinn besta hvolp sýningar.

Reykjavík Winner & Alþjóðleg sýning HRFÍ verða helgina 23.-24.júlí 2016. 10 dómara frá 6 löndum koma og dæma hundana og velja þá sem skara framúr á meðal jafningja. Gaman er að segja frá því að 4 íslenskir dómara dæma á sýningunni, en er félagið virkilega ríkt af því að hafa á síðustu mánuðum og árum útskrifað virkilega hæfileikaríka dómara. Um 550 hundar eru skráðir hvorn daginn og verður því margt um manninn. Mikil stemning hefur myndast í kringum þessa árlegu útsýningu og hvetjum við áhorfendur til þess að taka helgina frá og koma að fylgjast með öllum þessum glæsilegu hundum.